

REGLUGERÐ

223

31. des.

um fasteignaskatt í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Seyðisfjarðarkaupstaðar skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðarkaupstaðar eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, 2%.
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum, 0.7%.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigulóðir sé að ræða. Þá greiðir leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari er 1. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 1. apríl 1959, og ber að greiða skattinn í skrifstofu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkvæmt 33. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945.

7. gr.

Undanþegar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Seyðisfjarðarkaupstaðar aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólar, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili og þinghús. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstóla.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum veðkröfum, er á eigninni hvíla.

Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

- 223 Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefur samið og sam-
31. des. þykkt samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1958.

Friðjón Skarphéðinsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

- 224
31. des.

REGLUGERÐ um fasteignaskatt í Siglufirði.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Siglufjarðar skal greiða fasteignaskatt af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum, 2%.
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum 1%.
3. — tünnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og löndum 0.5%.

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing ekki 100 krónum, greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkvæmt reglugerð þessari er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 2. janúar 1959, og ber að greiða skattinn hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkvæmt 33. gr. laga nr. 66 12. apríl 1945.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Siglufjarðar aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í millirikjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er aðilum að skjóta málinu til dómstólanna.